

Mánudaginn 8. desember 1986.

Nr. 239/1986. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Halldóri Halldórssyni

(Sigurður H. Guðjónsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Máli þessu var með stefnu 16. maí 1986 áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar.

Eftir uppsögu héraðsdóms fóru fram vitnayfirheyrslur í máli þessu fyrir sakadómi Reykjavíkur samkvæmt beiðni ríkissaksóknara dags. 15. október 1986. Hinn 4. nóvember 1986 voru fjórir tollverðir yfirheyrðir sem vitni. Þrír þeirra, Kristbjörn Oddur Þorkelsson, Einar Torfason og Sveinn Jóhannesson, mundu ekki eftir máli þessu. Sá fjórði, Ólafur Þórðarson, kvaðst muna eftir málinu. Kvað hann plötuspilarann hafa verið undir bekk í herbergi ákærða og þar hafi hljómplöturnar einnig verið, en hann taldi þó ekki útilokað að þær hefðu verið á borði í herbergi ákærða svo sem hann heldur fram. Vitnið bar að eigi hafi verið þörf á að taka burt dýnu úr bekknum til að finna varninginn. Taldi vitnið varninginn hafa verið illa falinn.

Hinn 10. nóvember 1986 bar tollvörðurinn Jónas Hall vitni fyrir sakadóminum um það, hvernig tollverð varnings væri fundið út, en ekki er ástæða til að rekja það nánar hér.

Er ákærði kom fyrir dóm við þingfestingu málsins hinn 20. janúar 1986 neitaði hann að tjá sig um sakarefnið. Hérðsdómari tók málið til dóms að svo búnu án þess að hann tæki skýrslu af neinu vitni og kvað síðan upp dóm. Var þessi málsmeðferð brýnt brot á 2. mgr. 122. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 24. gr. laga nr. 107/1976, er mælir m.a. svo fyrir, að færa skuli fram sönnunargögn, ef ákærði neiti sakarefni að nokkru leyti eða öllu. Eftir uppsögu héraðsdóms hafa að vísu verið yfirheyrð vitni svo sem áður

greinir, en meðal gagna málsins er skýrsla sem talin er tekin af ákærða fyrir rannsóknardeild tollstjóra en hann hafi neitað að undirrita. Er nauðsynlegt að yfirheyrður verði sem vitni sá er tók skýrslu þessa og sá er vottur var að skýrslutökunni. Samkvæmt þessu verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Ákveða ber að áfrýjunarkostnaður sakarinnar skuli greiddur úr ríkissjóði, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar Helga Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, 12.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. apríl 1986.

Ár 1986, fimmtudaginn 17. apríl er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 236/1986: Ákærvaldið gegn Halldóri Halldórssyni, sem tekið var til dóms hinn 20. janúar sl.

Mál þetta er af ákærvaldsins hálfu höfðað með ákæruskjali dagsettu 30. desember 1985 á hendur Halldóri Halldórssyni stýrimanni, Sólvallagötu 19, Reykjavík, fæddum 18. júní 1949 í Reykjavík, „fyrir tolllagabrot, með því að hafa við komu bv. Ögra RE-72 til Reykjavíkur 13. janúar 1985 frá Cuxhaven smyglað hingað til lands með skipinu plötuspilara af gerðinni Philips CD104 og 16 hljómplötum sem ákærði keypti í Cuxhaven. Varninginn fundu tollverðir í herbergi ákærða um borð í skipinu eftir komu þess til hafnar í greint skipti.

Telst þetta varða við 1. mgr. 60. gr., sbr. 1. mgr. 61. gr. og 71. gr., laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59, 1969, sbr. 2. gr. laga nr. 71, 1976, sbr. 9. gr. laga nr. 46, 1984, sbr. 1. og 6. gr. reglugerðar nr. 482, 1984.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á framangreindum plötuspilara og hljómplötum samkvæmt heimild í 1. mgr. 72. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.“

— — —

D ó m s o r ð:

Ákærði, Halldór Halldórsson, greiði kr. 42.000 í sekt til ríkissjóðs og komi varðhald í 35 daga í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði sæti upptöku á Philips CD104 plötuspilara og 16 „digital“ hljómplötum til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 8. desember 1986.

Nr. 314/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Jóhanni Kristni Þór Jónssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru er hann lýsti fyrir héraðsdómara þegar eftir uppkvaðningu gæsluvarðhaldsúrskurðarins hinn 1. þ.m. Gögn málsins bárust Hæstarétti sama dag.

Skilja verður kæru varnaraðila svo að hann krefjist þess að gæsluvarðhaldsúrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.